

6. mars 2009
SI-50003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 26. febrúar 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, 125. mál.

Markmið frumvarpsins er að setja reglur um ábyrgðir einstaklinga, draga úr vægi ábyrgða og að stuðla að því að lánveitingar verði miðaðar við greiðslugetu lántaka og hans eigin tryggingar.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að ábyrgðarmaður skuli vera upplýstur um þá áhættu sem í ábyrgð felst áður en hann gengst undir hana. Í frumvarpinu er þetta gert með því að skylda lánveitanda til að viðhafa vissa formfestu við undirbúning, stofnun og framkvæmd samninga um ábyrgðir. Í því sambandi má nefna ákvæði frumvarpsins sem snerta greiðslumat lántaka, skriflegan ábyrgðarsamning, tilkynningaskyldu og breytingar á skilmálum ábyrgðar.

Seðlabankinn telur að lögfesting frumvarpsins sé almennt til bóta og mælir því með samþykkt þess.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygarð
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri